

GJALDSKRÁ

fyrir Drangsnsvatnsveitu, Kaldrananeshreppi.

Sveitarstjórn Kaldrananeshrepps hefur sett Drangsnsvatnsveitu eftirfarandi gjaldskrá í samræmi við reglugerð nr. 401/2005 um vatnsveitur sveitarfélaga.

1. gr.

Greiða skal árlega vatnsgjald til Kaldrananeshrepps af öllum fasteignum er notið geta vatns frá vatnsveitunni. Gjaldið skal vera 0,3% af gjaldstofni fasteignagjalds af eignum sem falla undir a-lið 3. gr. laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga og 0,4% af gjaldstofni eigna sem falla undir b- og c-lið sömu lagagreinar. Hámarksgjald á hverja eign skv. a-lið skal þó vera kr. 31.000. Lágmarksgjald skv. a- og b-lið skal vera kr. 20.600.

2. gr.

Í fyrirtækjum og annars staðar þar sem vatn er notað til annars en venjulegra heimilisþarfa, vegna atvinnustarfsemi sem í þeim er rekin eða af öðrum ástæðum skal auk vatnsgjalds greiða sérstakt gjald, aukavatnsgjald, kr. 17 fyrir hvern rúmmetra vatns, sbr. reglugerð nr. 401/2005.

Verði mælingu vatnsins eigi komið við skal greiða aukavatnsgjald sem hér segir:

- Fiskverkun, kr. 708 fyrir hvert tonn af hráefni sem fer í vinnslu.
- Grásleppuhrognaverkun, kr. 524 fyrir hverja verkaða tunnu.
- Endurgjald hafnarsjóðs, vegna vatnsnotkunar, kr. 824.000 á ári.

3. gr.

Heimæðagjald skv. reglugerð nr. 401/2005 skal vera kr. 2.185 fyrir hvern rúmmetra húss, miðað við utanmál þó að lágmarki kr. 382.200.

4. gr.

Gjalddagar vatnsgjalds skulu vera þeir sömu og gjalddagar fasteignaskatts og innheimtu þeirra hagað á sama hátt. Gjald dagar aukavatnsgjalds skv b-lið skulu vera ársfjórðungslega, fyrst 1. apríl fyrir mánuðina janúar til mars sama ár.

5. gr.

Gjaldskrá þessi sem sett er með stoð í 10. gr. laga nr. 32/2004 um vatnsveitur sveitarfélaga, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur brott gjaldskrá sama efnis nr. 1751/2022. Samþykkt á fundi sveitarstjórnar Kaldrananeshrepps þann 30. desember 2023.

Drangnesi, 30. desember 2023.

F.h. Kaldrananeshrepps,

Finnur Ólafsson oddviti.